

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 29. desember 2014 kl. 13:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til símafundar í húsakynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Tórnthúsi, fundarherbergi á 4. hæð, Sölvhólsögötu 7, Reykjavík.

Í fjarfundarsambandi voru nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir. Fundinn sátu starfsmenn Jöfnunarsjóðs þau Elín Pálsdóttir, Guðni Geir Einarsson og Halldór V. Kristjánsson.

Í fjarveru Guðmundar Bjarnasonar formanns fyrri hluta fundarins setti Hermann Jón Tómasson fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FJÁRHAGSERFÐLEIKAR SVEITARFÉLAGA

Hafnarfjarðarkaupstaður – Umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Á fundi ráðgjafarnefndar 24. október 2014 var lagt fram til umfjöllunar erindi frá Hafnarfjarðarkaupstað, dags. 8. október 2014. Í erindinu kemur fram að skuldastaða og rekstur sveitarfélagsins hafi verið þungur undanfarin ár þó nokkur árangur hafi náðst.

Með tilvísun til þessa var óskað eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fjárhæð 5.742.000 kr., vegna fyrirhugaðrar úttektar á rekstri sveitarfélagsins.

Ráðgjafarnefndin samþykkti á grundvelli ákvæða b-liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010 að óska eftir umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um framangreinda beiðni Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Skrifleg umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga hafði borist, sbr. bréf nefndarinnar dags. 16. desember 2014, og var hún lögð fram til umfjöllunar á fundinum.

Niðurstaða nefndarinnar er að ekki séu forsendur til þess að mæla með framlagi frá Jöfnunarsjóði vegna kostnaðar við úttekt á rekstrinum. Í rökstuðningi nefndarinnar segir m.a.: *Þrátt fyrir að skuldaviðmið Hafnarfjarðarkaupstaðar sé umfram lögbundið hámark, þá verði ekki annað séð en rekstur sveitarfélagsins sé í samræmi við aðlögunaráætlun og að skuldaviðmiði verði náð á viðmiðunartíma aðlögunaráætlunar eða jafnvel fyrr. Hafnarfjarðarkaupstaður sé stórt og öflugt sveitarfélag með faglega fjármáladeild og hafi alla burði til að takast á við kostnað af hagræðingu í rekstri.*

Með tilvísun til umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar væri hafnað.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Endurmat

Fram kom að á árinu hafi farið fram endurmat á 742 einstaklingum sem metnir voru SIS mati í upphafi verkefnisins á árinu 2010. Jafnframt hefur farið fram mat á 117 einstaklingum sem eru nýir í þjónustu eða sem ekki náðist að framkvæma mat á í upphafi verkefnisins.

Með tilvísun til þessa vor lögð fram á fundinum til kynningar eftirfarandi yfirlit:

- Samanburður endurmats og upprunalegs mats.
- Fjöldi nýliðunar í SIS mati.
- Breyting á einingaverðum matsflokka.

Tillaga að uppgjöri framlaga 2014

Áætlun um úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 var tekin til endurskoðunar á grundvelli niðurstöðu úr endurmatinu og voru eftirfarandi yfirlit lögð fram til kynningar á fundinum:

- Greining á fjárhagslegum áhrifum nýrrar áætlunar.
- Yfirlit yfir endanlega áætlun almennra framlaga 2014.

Reiknuð útgjaldaþörf vegna málefna fatlaðs fólks árið 2014 er 12.894.816 m.kr. Útsvarstekjur sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks árið 2014 eru 2.714.359 m.kr. Með tilvísun til þessa nemur endurskoðuð áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 samtals 10.180.457 kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að gengið væri út frá þeirri fjárhæð við uppgjör framlaga ársins 2014. Jafnframt lagði nefndin til að óskað væri eftir umsóknum um viðbótarframlag frá þeim 8 þjónustusvæðum/sveitarfélögum þar sem orðið hefði lækkun á framlögum milli árána 2013 og 2014. Stefnt yrði að úthlutun viðbótarframlagsins fyrir lok janúar nk.

ÖNNUR MÁL

Könnun Félagsvísindastofnunar H.Í

Niðurbrot á þjónustusvæði – Aðkoma Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. desember 2014 er varðar aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að kostnaði vegna úrvinnslu úr könnun Félagsvísindastofnunar H.Í. fyrir einstök þjónustusvæðissveitarfélög.

Á grundvelli verksamnings, dags. 8. apríl 2014, vann Félagsvísindastofnun H.Í. könnun á þjónustu við fatlað fólk vegna endurmats á flutning þjónustunnar til sveitarfélaga. Kostnaður við könnunina nam um 3,4 m.kr. án viðisaukaskatts.

Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar í ágúst 2014. Við kynninguna kom fram að ákveðin úrvinnsla hefði farið fram á samanburði milli höfuðborgar og landsbyggðar sem og milli fyrrum reynslusveitarfélaga. Hins vegar fór ekki fram nánari greining á því hvort og þá að hvaða marki niðurstöður könnunarinnar væru mismunandi á milli þjónustusvæða.

Í erindi Sambandsins kemur fram að þrjú af þjónustusvæðunum 15 hafi keypt þessa úrvinnslu af Félagsvísindastofnun en fyrir liggi að kallað verði eftir þessari úrvinnslu af öðrum þjónustusvæðum. Töluverð hagkvæmni mundi nást ef úrvinnslan yrði keypt sameiginlega fyrir öll þjónustusvæðin og hefur Félagsvísindastofnun boðið afslátt af sameiginlegri úrvinnslu.

Með tilvísun til þessa fer Sambandið þess á leit að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga taki þátt í kostnaði vegna þessarar úrvinnslu fyrir þjónustusvæðin. Óskað er eftir að þátttaka sjóðsins verði bundin við ákveðna fjárhæð eða 150 þús. kr. fyrir hvert svæði og yrði framlag sjóðsins til verkefnisins samkvæmt því samtals 2.250.000 kr.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga væri samþykkt.

Lagt var til að stefnt væri að næsta fundi ráðgjafarnefndar um miðjan janúar nk.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 14:00.

Halldór V. Kristjánsson